


BÓNUS

Með þér í liði

Sjálfbærnisráskýrsla

2025



Efnisyfirlit

Sjálfbæriskýrsla 2025

Orð frá framkvæmdarstjóra.....	3
Sérstaða Bónus.....	4
Sjálfbærnistefna.....	5
Sjálfbærnisáherslur Bónus.....	7

Umhverfi

Umhverfisstefna.....	9
Kolefnisbókhald.....	10
Aðgerðir til kolefnisbindingar.....	12
Flokkun úrgangs.....	13
Saman gegn matarsóun.....	14

Starfsfólkið

Fólkið í forgrunni.....	16
Jafnrétti og fjölbreytileiki.....	17

Neytendur

Allt ódýrt.....	19
Munurinn er Bónus.....	20
Aukin þjónusta - Barnabónus.....	21
Barnabónus - Gleym mér ei.....	22
Aukin þjónusta - Gripið og greitt.....	23
Aukin þjónusta - Íþróttanammi.....	24
Nýtt vildarkerfi Takk.....	25
Skjávæðing.....	26
Stuðningur við nýsköpun.....	27
Stuðningur við íþróttir.....	28
Ýmis samfélagsleg verkefni.....	29

Heimsmarkmiðin

Tenging við heimsmarkmiðin.....	31
---------------------------------	----

Lykilþættir úr sjálfbærniuppgjöri

Losunarbókhald 2025.....	35
Mannauður.....	37

Orð frá framkvæmdarstjóra

Árið 2025 var viðburðaríkt og mikilvægt ár hjá Bónus. Við höldum áfram að vaxa með því að byggja upp innviði okkar til að mæta betur kröfum samtímans og tryggja að starfsemi okkar endurspegli þá ábyrgð sem felst í hlutverki okkar sem leiðandi lágvöruverðsverslun á Íslandi. Viðskiptavinir, starfsfólk, umhverfið og samfélagið eru órjúfanlegur hluti af okkar daglega rekstri, ákvarðanatöku og framtíðarsýn.

Stöndum vörð um verðlag

Baráttan gegn verðhækkunum er okkar stærsta og mikilvægasta samfélagsverkefni. Við stöndum alltaf vörð um verðlag og á árinu studdum við viðskiptavinum okkar með því að lækka verð á um það bil 850 vörunúmerum, ásamt því að halda aftur verðhækkunum á tæplega 1600 vörum sem stóðu í stað milli ára í verðbólguumhverfi. Mótspyrna Bónus til fyrirhugaðra verðhækkana hefur raunveruleg áhrif á verð matarkörfu viðskiptavina okkar. Við munum ávalt standa vörð um verðlag á Íslandi.

Við hjálpuðum viðskiptavinum okkar enn frekar að versla ódýrar með Ódýrast vikunnar – verkefni þar sem Bónus og samstarfsaðilar vinna saman í því að lækka verð á 6-8 vörum í hverri viku. Við áætluðum að viðskiptavinir okkar hafi sparað yfir 300 milljónir króna á árinu samanlagt með því að nýta sér þá frábæru afslætti sem voru í boði í hverri viku. Þetta er árangur sem við erum mjög stolt af.

Styðjum barnafjölskyldur

Við höfum lagt sérstaka áherslu á að koma til móts við barnafjölskyldur og er Barnabónus og Íþróttanammi frá Latabæ ný dæmi um það. Barnabónus, samfélagsverkefnið sem við höfum árið 2025 í samstarfi við okkar samstarfsaðila, náði þeim tímamótum að yfir 95% allra barna sem fæddust á Íslandi fengu Barnabónus.

Íþróttanammi frá Latabæ er ný vörulína af ávöxtum og grænmeti í barnvænum pakkningum. Hún er hönnuð til að gera hollari valkosti meira aðlaðandi fyrir börn. Verkefnið hefur aukið neyslu um tæplega 45 tonn á árinu.

Umhverfið í forgrunni

- **Losun minnkaði um 35% á milli ára og heildarlosun um 3.000 tonn á ári.**
- **99% úrgangs endurheimtur og óflokkaður úrgangur til urðunar hefur minnkað um 93% frá árinu 2019.**
- **Áframhaldandi áhersla á mælanleg markmið og sjálfbæra starfsemi.**

Bónus og systurfélög í Högum skipuðu sér annað árið í röð í hóp fremstu fyrirtækja landsins með tilliti til upplýsingagjafar á sviði sjálfbærni og árangurs í samdrætti á losun samkvæmt Sjálfbærnivísi PwC.



Björgvin Víkingsson, Framkvæmdarstjóri

Við höfum náð áþreifanlegum árangri í umhverfismálum í kjölfar fjárfestinga í umhverfisvænum tækjakostum. Bein losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 1 minnkaði um 35% milli ára, og heildarlosun lækkaði um rúmlega 3.000 tonn á einu ári, að stærstum hluta vegna kolsýruvæðingar kælikerfa í verslunum okkar.

Við höldum áfram að mæla, greina og setja okkur mælanleg markmið sem leiða okkur í átt að minni losun og sjálfbærari starfsemi. Á sviði úrgangsmála er árangurinn einnig eftirtektarverður, hlutfall endurheimts úrgangs fór í 99% og magn óflokkaðs úrgangs til urðunar hefur minnkað um rúmlega 93% frá árinu 2019.

Ég er mjög stoltur af þeim árangri sem við náðum á árinu og þakka öllu starfsfólki, samstarfsaðilum og viðskiptavinum fyrir þá samstöðu og traust sem gerir þetta allt mögulegt. Þétt samstaða gerir okkur kleift að standa við loforð okkar við íslenskt samfélag, dag eftir dag.

Sérstaða Bónus

Bónus í hnotskurn

Bónus er keðja lágvöruverðsverslana sem var stofnuð árið 1989. Fyrsta Bónusverslunin var opnuð í 400 fermetra húsnæði við Skútuvog og stefnan hefur frá upphafi verið að bjóða viðskiptavinum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Hönnun verslana Bónus miðar að því að halda rekstrarkostnaði í lágmarki. Lögð er áhersla á einfaldleika og lítinn íburð, ásamt stöðugu kostnaðaraðhaldi og miklum veltuhraða birgða. Reksturinn byggir á skýru vöruvali sem styður við stefnu fyrirtækisins sem lágvöruverðsverslun.

Eitt af leiðarljósum Bónus hefur ávallt verið að láta viðskiptavininn njóta ábatans af því þegar nást hagstæðir innkaupasamningar með lágri álagningu. Í lok árs 2025 voru verslanir Bónus 33 talsins og hjá fyrirtækinu störfuðu um 1200 starfsmenn.

Það er Bónus mikilvægt að halda því trausti sem almenningur hefur sýnt verslunarkerðjunni í gegnum árin og eitt af leiðarljósum Bónus hefur ávallt verið að hafa álagningu sem lægsta. En ekki síður mikilvægt er að Bónus býður sama verð í öllum sínum verslunum um land allt sem reynst hefur afar dýrmætt fyrir heimilin í landinu. Það sannast ítrekað í verðkönnunum að Bónus býður lægsta vöruverð um allt land, þrátt fyrir harðnandi samkeppni.



Sjálfbærnistefna

Bónus sem öflugt félag á smásölumarkaði er í daglegum tengslum við almenning í landinu. Bónus hefur lagt metnað sinn frá upphafi í að þjóna íslenskum neytendum með ábyrgum hætti. Sjálfbærnistefna Bónus er langtímaáætlun félagsins um hvernig það getur lagt sitt af mörkum til betra og heilbrigðara samfélags og umhverfis, samhliða heilbrigðum rekstri. Stefnan segir auk þess til um hvernig samskiptum við hagsmunaaðila verði háttað. Helstu hagsmunaaðilar Bónus eru viðskiptavinir, starfsfólk, hluthafar, birgjar og samfélagið allt í heild sinni.

Stefnuyfirlýsing

Bónus vill láta gott af sér leiða og starfa í sátt við samfélag og umhverfi. Bónus vill eiga gott samstarf við hagsmunaaðila sína og skapa þeim virði með ákvörðunum sínum. Sjálfbærni er hluti af grunnrekstri félagsins og er höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku í stórum málefnum. Við mat á árangri skal horft til þeirra áhrifa sem félagið hefur á samfélag sitt og umhverfi, auk arðsemi.

Umhverfi

Bónus leggur áherslu á að þekkja þau beinu og óbeinu áhrif sem starfsemi félagsins hefur á umhverfið og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum eftir fremsta megni. Með neikvæðum áhrifum er einkum átt við losun gróðurhúsalofttegunda, hvers konar mengun, matarsóun og athafnir sem stuðla að hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

Meginstoðir stefnu

Stefna Bónus um sjálfbærni byggir á þremur meginstoðum sem eru umhverfi, starfsfólk og neytendur. Stoðirnar móta þær áherslur sem félagið fer eftir og mótar þau lykilverkefni sem unnið er að hverju sinni. Meginstoðirnar þrjár eru ekki innbyrðis háðar og ein stoð er ekki annarri mikilvægari.

Starfsfólk

Bónus kappkostar að tryggja vellíðan og öryggi starfsfólks. Jafnrétti er haft að leiðarljósi í öllum ákvörðunum og skapar félagið virði fyrir atvinnulífið með menntun og þjálfun starfsfólks. Jafnframt leggur Bónus áherslu á að réttindi starfsfólks í virðisæðju félagsins séu virt.

Neytendur

Hagsmunir neytenda og lýðheilsa eru höfð í fyrirrúmi í starfsemi Bónus. Lögð er áhersla á ríkulegt framboð af heilsusamlegum valkostum auk þess að bjóða neytendum hagstæðustu kjör hverju sinni óháð staðsetningu. Þá styður félagið ýmis samfélagsleg málefni hvort sem er í formi styrkja eða samstarfsverkefna.

Stjórnarhættir

Hagsmunir neytenda og lýðheilsa eru höfð í fyrirrúmi í starfsemi Bónus. Lögð er áhersla á ríkulegt framboð af heilsusamlegum valkostum auk þess að bjóða neytendum hagstæðustu kjör hverju sinni óháð staðsetningu. Þá styður félagið ýmis samfélagsleg málefni hvort sem er í formi styrkja eða samstarfsverkefna.

Framkvæmd og gildissvið

Stjórn félagsins og stjórnendur láta sig málaflökkinn varða og bera á honum ábyrgð. Markvisst er unnið að framfylgd stefnunnar innan félagsins.

Bónus er aðili að sjálfbærniráði Haga en þar eru a.m.k. einn aðili frá hverju dótturfélagi Haga. Sömuleiðis eru aðilar úr móðurfélagi í ráðinu og skulu aðilar funda með reglulegu millibili. Hlutverk sjálfbærniráðsins er að stuðla að fræðslu fyrir starfsfólk með það að markmiði að efla sjálfbærnivitund ásamt því að samræma aðgerðir innan dótturfélaga eins og kostur er.

Sjálfbærnistefnan og árangursmat hennar er hluti af stefnumótun innan félagsins og hana skal endurskoða að lágmarki á 12 mánaða fresti.

Sjálfbærniáherslur Bónus

Umhverfi

Loftlagsbreytingar

Hringrásarhagkerfi

Líffræðileg fjölbreytni

Starfsfólk

Starfsánægja

Jafnrétti og fjölbreytni

Heilsa og öryggi

Starfsþróun

Starfsfólk í virðiskeðju

Neytendur

Kjör neytenda

Lýðheilsa

Aðgengi

Upplýsingar

Umfang 3 - Losun á fyrri stigum

2024

2025

Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta

Heildarlosun	216,878	214,317 ↓
Aðkeypt vara og þjónusta til endursölu eða áframhaldandi vinnslu	216,878	214,317 ↓

Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi

Heildarlosun	67	26 ↓
Losun á fyrri stigum vegna eldneysisnotkunar	21	24 ↑
Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar	0	1 ↓
Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu	46	2 ↓

Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing

Heildarlosun	0,5	3 ↑
Flugfrakt	0,4	3 ↑
Vegflutningar	0,1	0 ↓

Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri

Heildarlosun	50	34 ↓
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	50	34 ↓

Flokkur 6: Viðskiptaferðir

Heildarlosun	1	1
Flugferðir	1	1

Mælieiningar á töflum: tCO₂í

Umfang 1:

Bein losun í umfangi 1 minnkaði um 35% á milli ára. Samdrátturinn skýrist einkum af kolsýruvæðingu kælikerfa í verslunum Bónus, þ.e. þegar kælikerfum sem nýta flúoraða kælimiðla (eins og Freon) er skipt út fyrir kerfi sem notast við náttúrulega kælimiðla (kolsýru).

Umfang 2:

Óbein losun vegna aðkeyptrar orku í umfangi 2 minnkaði um 5% frá fyrra ári og hefur losunin nú minnkað um 17,5% frá árinu 2023. Uppsetning kælikerfa sem nota minna rafmagn og LED-væðing lýsingar í verslunum hafa haft mest áhrif í því samhengi.

Umfang 3:

Mæld losun vegna aðkeyptrar vöru til endursölu, sem er stærsti losunarpáttur í starfsemi Bónus, minnkaði um 1% á milli ára. Samdrátturinn skýrist m.a. af breyttri samsetningu á seldum vörum, en jafnframt af aukinni nákvæmni í útreikningum þar sem stærri hluti losunar er reiknaður út frá þyngd vöru í stað kostnaðar vöru. Þá lækkar losun vegna úrgangs um 32% frá fyrra ári sem má rekja til aukningar á endurheimtingarhlutfalli úrgangs á milli ára.

Aðgerðir til kolefnisbindingar

Þótt aðaláhersla sé lögð á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda hjá Bónus þykir okkur jafnframt mikilvægt að styðja við lausnir sem miða að bindingu kolefnis eða forðun á losun gróðurhúsalofttegunda.

Það er stefna Bónus að fjárfesta í fjölbreyttum og ábyrgum verkefnum sem leggja áherslu á rekjanleika og mælingar. Mikilvægt er að kolefnisjafna reksturinn með trúverðugum og ábyrgum hætti og velja verkefni sem hafa raunverulegan loftslagsávinning í för með sér. Þá leggjum við áherslu á að fjárfestingin skili sér innanlands eða til samfélaga sem eru einstaklega viðkvæm fyrir afleiðingum loftslagsbreytinga. Við höfum fjárfest í eftirfarandi verkefnum með öðrum dótturfélögum Haga auk þess sem Bónus hefur tekið þátt í að safna birkifræjum í þeim tilgangi að rækta upp birkiskóga á Íslandi.

Katla Carbon

Verkefnið snýr að því að tryggja jaðarsettum stúlkum í Sambíu fulla fimm ára gagnfræðiskólamenntun. Katla Carbon hefur þróað aðferðarfræði og reiknilíkan sem magngreinir loftslagsávinning þess að auka menntunarstig stúlkna í þróunarríkjum í tonnum af koltvísýringsígildum. Kolefniseiningarnar sem Katla Carbon framleiðir eru einingar í bið (ex ante). Að verkefninu loknu verða þær staðfestar og skráðar í loftslagsskrá International Carbon Registry. Hagar hafa gert framvirkan samning um kaup á kolefniseiningum Kötlu Carbon til þriggja ára.



Klim

Binding kolefnis í jarðvegi með beitingu auðgandi landbúnaðar (e. regenerative agriculture). Verkefnið styður bændur í innleiðingu breyttra búskaparháttanna sem auka kolefnisbindingu í jarðvegi. Bindingin felst í aukinni uppsöfnun lífræns kolefnis í jarðvegi, sem jafnframt bætir frjósemi hans og vatnsheldni. Kolefniseiningarnar eru vottaðar samkvæmt Verra VCS og skráðar í CSA – GHG CleanProject Registry.



Carboneers

Binding kolefnis úr andrúmslofti með framleiðslu á handgerðum lífkolum í Indlandi. Verkefnið hefur tengingu við matvælaframleiðslu þar sem lífkol eru notuð til að auðga jarðveg til ræktunar. Áætlaður varanleiki bindingarinnar er yfir 100 ár. Verkefnið leggur jafnframt áherslu á valdeflingu kvenna, en 60% stjórnenda verkefnisins eru konur. Verkefnið er vottað samkvæmt Carbon Standards International og einingarnar skráðar í C-Sink Registry.



Flokkun úrgangs

Nýtt og betra flokkunarkerfi

Á síðustu árum höfum við unnið markvisst að því að auka flokkun á starfsstöðvum Bónus til að hámarka endurvinnslu- og endurnýtingarmöguleika hvernar verslunar og auðvelda viðskiptavinum þátttöku í flokkun og endurvinnslu úrgangs. Bónus notast við merkingakerfi FENÚR (www.fenur.is).

Framúrskarandi árangur í flokkun

Stóran hluta samdráttis í losun Bónus má rekja til árangurs á sviði úrgangsmála. Við höldum áfram að bæta í þegar kemur að flokkun úrgangs og óhætt er að segja að verulegur árangur hafi náðst í flokkun úrgangs á síðustu árum. Hlutfall flokkaðs úrgangs hefur farið úr 70,6% á árinu 2019 og upp í 78,2% á árinu 2025.

Þrjár bestu búðirnar í flokkun árið 2025 voru Skipholt með 84,2%, Skeifan 84,1% og Spöngin með 83,9%.
Markmið Bónus er að ná hlutfalli flokkaðs úrgangs upp í 82% fyrir árið 2027.

- Hlutfall flokkaðs úrgangs fór úr 79,7% árið 2024 og í 78,2% árið 2025.
- Hlutfall endurheimts úrgangs fór úr 98,2% árið 2024 í 99,0% árið 2025.
- Magn óflokkaðs úrgangs til urðunar lækkaði um 93,6% á milli áranna 2019 og 2025. Árið 2019 fóru 893.542 kg í urðun en einungis 32.338 kg árið 2025.

Meðhöndlun úrgangs	Einingar	2023	2024	2025
Samtals úrgangsmagn	kg	3.088.687	3.146.733	3.295.562 ↑
Flokkaður úrgangur	kg	2.421.005	2.509.450	2.575.618 ↑
Óflokkaður úrgangur	kg	667.682	637.283	719.944 ↑
Endurheimtaður úrgangur	kg	2.502.455	3.089.691	3.263.223 ↑
Úrgangi fargað	kg	586.232	57.042	32.339 ↓
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	78,4%	79,7%	78,2% ↓
Hlutfall endurheimts úrgangs	%	81%	98,2%	99,0% ↑

Saman gegn matarsóun

Frá stofnun Bónus hefur það alltaf verið markmið í okkar rekstri að halda matarsóun í lágmarki því hlutverk Bónus er að koma vörum frá framleiðendum til neytenda á sem hagkvæmasta hátt.

Allur ferskur kjúklingur, ferskt lambakjöt (ókyrddað) og nautakjöt sem selt er í Bónus er með innbyggt afsláttarkerfi á umbúðum sínum, svokallað "databar" sem gefur sjálfkrafa afslátt við kassann þegar líftími vörunnar er að renna út. Afslátturinn nemur 30% daginn fyrir síðasta söludag og 50% fyrir síðasta neysludag. Með þessu kerfi hafa viðskiptavinir hjálpað okkur að takmarka sóun verulega og notið þess í lægra verði um leið.


Bónus veitir einnig birgjum daglegar söluupplýsingar fyrir hverja vörutegund, brotið niður á hverja verslun og þannig fá birgjar góða yfirsýn yfir sölu og birgðir í öllum verslunum Bónus sem leiðir af sér minni matarsóun.

Samtala lífræns úrgangs og matarleifa var 213.186 kg 2023 en 199.276 kg 2024, sem samsvarar 6,5% lækkun, þrátt fyrir aukningu í umsvifum. Lífrænn úrgangur hélt áfram að minnka á árinu 2025 og var 192.191 kg en það er 9,85% minnkun frá árinu 2023.

Bónus hefur verið í samstarfi við systurfyrirtæki sitt, Banana, um aukið gæðaeftirlit í verslunum sem tryggir t.d. að nýir ávextir séu ekki settir ofan á gamla þannig að gamlir skemmist undir þeim.

Aðgerðir Bónus síðustu ár í þágu umhverfisins gera neytendum auðveldara að flokka heimilisúrgang sem þýðir að minna fellur til af óendurvinnanlegum úrgangi sem samrýmist markmiðum um að draga úr hvers kyns losun.

Við leggjum okkar lóð á vogaskálarnar með því að vera í hvívetna vakandi fyrir því að minnka matarsóun og fylgja eftir þeim góða árangri sem við höfum náð á síðustu árum.



Fólkið í forgrunni

Fyrsti vinnustaðurinn

Bónus er oft fyrsti vinnustaður ungs fólks á Íslandi og ber því ríka samfélagslega ábyrgð. Lögð er áhersla á að taka vel á móti nýju starfsfólki, veita stuðning í starfi og skapa tækifæri til vaxtar og þróunar.

Þjálfun og fræðsla eru mikilvægir þættir í starfseminni, þar sem markvisst er unnið að því að styrkja leiðtoga, efla vinnuumhverfi og tryggja að allir starfsmenn séu vel upplýstir um verkefni sín og það sem er í gangi hverju sinni.

Þar sem starfsmannahópurinn er dreifður um allt land getur verið áskorun að ná til allra. Á árinu 2025 var því unnið sérstaklega að því að bæta upplýsingaflæði enn frekar með innleiðingu á nýjum samskiptamiðli, Workvivo, og uppsetningu upplýsingaskjáa á kaffistofum Bónus, með það að markmiði að ná betur til sem flestra starfsmanna.

Heilsa og vellíðan starfsfólks

Við leggjum áherslu á heilsu og vellíðan starfsfólks og viljum styðja við heilbrigðan lífsstíl. Starfsfólk hefur tækifæri til að sækja um líkamsræktarstyrk og hefur aðgengi að ferskum ávöxtum og grænmeti á vinnutíma.

Lögð er áhersla á að skapa öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi þar sem vellíðan er höfð að leiðarljósi í daglegu starfi. Unnið er markvisst að því að draga úr álagi, efla jafnvægi milli vinnu og einkalífs og styðja starfsfólk í krefjandi aðstæðum þegar á þarf að halda. Þá er einnig lögð áhersla á góða vinnuaðstöðu, skýra verkferla og stuðning frá stjórnendum.

Reglulega eru framkvæmdar kannanir á líðan og starfsanda til að fylgjast með vellíðan starfsfólks og greina tækifæri til umbóta sem vegnað hefur vel síðustu ár.

Markmið okkar er að skapa vinnuumhverfi þar sem starfsfólk finnur fyrir öryggi, stuðningi og jafnvægi til að dafna í bæði starfi og einkalífi.



Jafnrétti og fjölbreytileiki

Jafnrétti og jöfn tækifæri eru grunnstoðir í allri starfsemi Bónus. Um 42% starfsfólks eru konur og 58% karlar, en hlutfall kvenna jókst um 4 prósentustig á milli ára. Starfsmenn koma frá 35 þjóðernum, sem endurspeglar þann fjölbreytileika sem fyrirtækið leggur mikla áherslu á. Heildarfjöldi starfsmanna er um 1.100 – þar af eru um 600 yngri en 20 ára, sem undirstrikar mikilvægi Bónus sem fyrsta vinnustaðar fyrir ungt fólk. Fyrirtækið er með jafnlaunavottun og tryggir jöfn laun fyrir sambærileg störf óháð kyni.

Bónus hefur um árabil tekið virkan þátt í verkefninu Atvinna með stuðningi (AMS) í samstarfi við Vinnumálastofnun og er einn stærsti vinnustaður þátttakenda í verkefninu á landinu. Í dag starfa 46 einstaklingar með skerta starfsgetu hjá fyrirtækinu og hefur fyrirtækið lagt áherslu á að skapa raunveruleg tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði.

Bónus hefur einnig verið í samstarfi við grunnskóla og fjölmargar stofnanir til að bjóða vinnumöguleika fyrir ungt fólk, flóttafólk og aðra í viðkvæmri stöðu. Markmiðið er að auka aðgengi að vinnumarkaði, efla fjölbreytileika og tryggja að allir hafi tækifæri til að dafna innan Bónus.

Hjá Bónus skiptir máli að fólk finni að það tilheyri hópnum, fái að vera það sjálft og upplifi að framlag þess skipti máli.



Allt ódýrt

Ábyrg verðlagning

Frá upphafi hefur Bónus haft það að markmiði að bjóða neytendum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Þessi einfalda, en sterka hugmyndafræði hefur skapað traust og tryggð meðal íslenskra heimila.

Eitt stærsta samfélagsverkefni Bónus er að tryggja sama verðlag um land allt – þannig stuðlum við að jöfnu aðgengi að hagkvæmum matvörum, óháð búsetu. Þar sem verslanir Bónus opna, lækkar matvöruverð oft í nærumhverfinu og hefur fyrirtækið því haft mælanleg áhrif á verðþróun víða um land.

Árið 2025 var sérstök áhersla lögð á að draga úr áhrifum verðhækkana frá birgjum. Bónus átti virkt samtal við birgja og framleiðendur og tók skýra afstöðu gegn óhóflegum verðhækkunum sem ekki byggðu á raunverulegum kostnaðarbreytingum. Í mörgum tilvikum leiddi þessi samstaða til þess að fyrirhugaðar hækkningar voru dregnar til baka.

Við stöndum alltaf vörð um verðlag og á árinu studdum við viðskiptavinum okkar með því að lækka verð á um það bil 850 vörunúmerum, ásamt því að halda aftur verðhækkunum á tæplega 1600 vörum sem stóðu í stað milli ára í verðbólguumhverfi.



Bónus vörur

Til að koma til móts við breyttar neysluvenjur viðskiptavina hefur vöruúrval Bónus aukist til muna með hverju ári. Í dag er Bónus með um 7000 vörunúmer í verslunum sínum. Vöruúrvalið er því mjög fjölbreytt og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í hillum Bónus. Þrátt fyrir aukið vöruúrval hefur Bónus aldrei kvikað frá upprunalegri hugmyndafræði sinni, að selja gæðavörur á lægsta mögulega verði.

Í viðleitni okkar til að tryggja lágt vöruverð höfum við verið með vörulínu sem ber merki Bónus en þessi vörulína hefur verið að stækka jafnt og þétt síðustu árin.

Nú eru um 340 Bónusvörur hluti af vörulínunni en nánast allar vörurnar eru framleiddar á Íslandi eða þeim pakkað hér á landi. Bónus vörulínan nær yfir flest allar hefðbundnar matvörur til heimilishaldsins og eru oftast mest seldu vörurnar í Bónus í hverjum flokki. Bónusréttirnir og Bónussúpurnar eru dæmi um vel heppnaðar vörulínur sem hafa slegið í gegn.



Munurinn er Bónus

Í desember 2025 kynnti Bónus auglýsingaherferðina Munurinn er Bónus, sem var liður í því að efla gagnsæi gagnvart neytendum og styðja við upplýstar ákvarðanir í daglegum innkaupum. Herferðin byggði á því að varpa ljósi á verðmun á milli verslana og hvetja viðskiptavini til að nýta sér hagkvæmari valkosti.

Áhersla herferðarinnar var að miðla flóknum upplýsingum á aðgengilegan og skiljanlegan hátt. Með því að setja fram hversdagslegar aðstæður úr heimilislífi var leitast við að sýna með skýrum hætti hvaða áhrif verðmunur getur haft á útgjöld heimila til lengri tíma. Þannig styður herferðin við fjárhagslega sjálfbærni heimila og eykur meðvitund um verðlag.



Herferðin fór í loftið 18. desember 2025 í sjónvarpi og á stafrænum miðlum og náði víðtækri dreifingu. Tvær útgáfur auglýsingarinnar hafa safnað mörg hundruð þúsund áhorfum á samfélagsmiðlum.

Með herferðinni lagði Bónus sitt af mörkum til að efla gagnsæi á matvörumarkaði og styrkja stöðu neytenda með því að auka aðgengi að upplýsingum og draga fram raunverulegan verðmun.

Aukin þjónusta við neytendur

■ Barnabónus - stuðningur við fjölskyldur

Bónus hóf á árinu nýtt samfélagsverkefni undir heitinu Barnabónus, sem miðar að því að styðja við barnafjölskyldur og létta undir með nýbökudum foreldrum. Um er að ræða veglega vöggugjöf með hagnýtum og vönduðum vörum fyrir fyrstu mánuði í lífi ungabarns.

Hugmyndin að Barnabónus á sér rætur í Finnlandi, þar sem svokallað barnabox hefur um áratugaskeið verið eitt þekktasta og áhrifamesta félagslega úrræði landsins. Finnska ríkið setti barnabóxið á laggirnar árið 1938 til að styðja við nýja foreldra og draga úr fátækt.

Í yfir 36 ár hefur Bónus unnið að því að auka hagsæld á Íslandi og bæta lífsgæði fjölskyldna með því að bjóða upp á hagkvæmari kost á nauðsynjavörum. Barnabónus fellur því vel að stefnu fyrirtækisins og undirstrikar áframhaldandi áherslu þess á samfélagslega ábyrgð.

Gjafabóxið er samsett í samstarfi við rýnihóp foreldra, ljósmæður og fagfólk og inniheldur meðal annars bleyjur, ungbarnagalla, þvottaefni, snuð og ýmsar nauðsynlegar heimilsvörur. Foreldrar skrá sig til þátttöku á bonus.is/barnabonus. Afhendingarstaðir eru út um allt land: Norðurland (Akureyri), Suðurland (Selfossi), Vestfirðir (Ísafjörður) og fimm staðsetningar á höfuðborgarsvæðinu.

Barnabónus er liður í þeirri stefnu Bónus að styðja við fjölskyldur og samfélagið á mikilvægum tímamótum með raunverulegum stuðningi sem skiptir máli og hefur verkefnið fengið afar góðar viðtökur.



Árið 2025 fengu 95% barna sem fæddust á árinu Barnabónus og alls voru 4.002 kassar afhendir.

Barnabónus - Gleym mér ei

- Pakkarnir eru framleiddir á Íslandi og settir saman af sjálfbóðaliðum sem leggja fram vinnu sína til styrktar Gleym mér ei, samtökum sem styðja foreldra sem hafa upplifað missi á meðgöngu, í fæðingu eða skömmu eftir fæðingu. Í samræmi við þetta framlag styrkti Bónus samtökin um 1 m.kr. á árinu, sem endurspeglar virði vinnuframlags sjálfbóðaliða við verkefnið.
- Barnabónus er mikilvægt framlag til félagslegrar sjálfbærni. Með því að stuðla að jafnari byrjun barna og draga úr fjárhagslegu álagi á fjölskyldur er unnið að auknum jöfnuði og bættri heilsu og vellíðan barna og foreldra. Verkefnið styður þannig beint við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 1 (Engin fátækt), nr. 3 (Heilsa og vellíðan) og nr. 10 (Minni ójöfnuður).
- Bónus leggur áherslu á samstarf við birgja í verkefninu og metur mikils þeirra framlag til að gera það að veruleika. Markmiðið er að halda áfram að þróa og styrkja verkefnið til framtíðar.



Þetta er yndislegt verkefni og við erum afar þakklátar fyrir stuðninginn við fólkið okkar. Það er fjöldi sjálfbóðaliða sem vinnur að því að fylla kassana af varningi og stuðningur Bónus er auðvitað ómetanlegur fyrir okkur. Gleym mér ei gefur 60-90 minningarkassa á ári til allra þeirra foreldra sem missa börnin sín á meðgöngu eða fljótlega eftir fæðingu. Við sem störfum eða sitjum í stjórn félagsins höfum flestar fengið minningarkassa og vitum hversu dýrmætir þeir eru á þessum erfiðasta tíma lífs manns. Okkur þykir því mjög táknrænt að vinnan á bakvið Barnabónus hjálpi okkur að fjármagna minningarkassana," segir Kolbrún Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Gleym mér ei.

Aukin þjónusta við neytendur

Gripið og greitt

GRIPID & GREITT er þægileg sjálfsafgreiðslulausn í verslunum Bónus sem var innleidd árið 2023 og hefur verið afar vel tekið af viðskiptavinum. Til að nota GRIPID & GREITT getur viðskiptavinur verið með Bónus smáforritið virkt í símanum sínum. Við innganginn í versluninni skráir viðskiptavinur sig inn og fær úthlutað handskanna úr tækjaveggnum. Að því loknu eru vörurnar skannaðar beint í pokann og þarf því ekki að taka þær upp aftur á greiðslusvæðinu. Það þarf einungis að skanna kóða við afgreiðslukassa merktum GRIPID & GREITT, klára greiðsluna – og halda áfram út í daginn. Einfalt og þægilegt!



Tækið tengist viðskiptavininum persónulega í gegnum smáforritið, sem gerir honum kleift að nýta eigin innkaupalista, skoða kvittanir og fylgjast með innkaupasögu sinni. Nýir eiginleikar sem auka enn frekar á þægindi og yfirsýn viðskiptavina verða innleiddir í áföngum eftir því sem tæknin þróast.

Nú þegar eru 14 verslanir með GRIPID & GREITT í notkun og við vinnum markvisst að því að fjölga þeim jafnt og þétt á næstu árum.

Aukin þjónusta við neytendur

Íþróttanammi

Latibær, Bónus, Hagkaup, Olís og Bananar ehf. hafa tekið höndum saman til að gera hollar matvörur að auðveldasta kostinum fyrir börn.

Landlæknisembættið kynnti nýjar ráðleggingar fyrir mataræði þar sem aukin áhersla er lögð á grænmeti, ávexti og heilkornavörur. Við það tilefni sagði Alma Möller, heilbrigðisráðherra, að við þyrftum að stefna að því að gera holla valkostinn að auðveldasta kostinum. Meðal þeirra ráðlegginga sem lagðar voru fram er að velja grænmeti, ávexti og ber oft á dag. Latibær, Bónus, Hagkaup, Olís og Bananar ehf. hafa nú svarað kalli ráðherra og hafið framleiðslu á sérstökum hollustuvörum sem höfða sérstaklega til barna. Vörurnar eru framleiddar undir merkjum Latabæjar og kallast Íþróttanammi. Grænmeti og ávextir eru í sérmerktum umbúðum og hugað er sérstaklega að því að gera íþróttanammið að meira spennandi kosti en sælgæti og aðra óhollustu.



Átakið hefur aukið neyslu á hollari kostinum um 45 tonn árið 2025.

Glaðir gríslingar

Í Bónus viljum við skapa notalegt og fjölskylduvænt andrúmsloft í verslunum – ekki síst fyrir þau allra yngstu. Í verkefninu Glaðir gríslingar bjóðum við börnum sem heimsækja verslanirnar ókeypis ávexti og smágjafir, með það að markmiði að gera innkaupaferðina skemmtilegri fyrir fjölskylduna.



Nýtt vildarkerfi Takk

Á árinu unnum við að þróun á nýju vildarkerfi fyrir viðskiptavinum Bónus. Takk er skemmtilegt vildarsamfélag í appi þar sem vildarvinir geta notið fjölbreyttra fríðinda. Þar geta þeir safnað afslætti af völdum vörum sem kallast Takk krónur (tkr).

Hægt er að safna Takk krónum hjá Bónus, Hagkaup og Eldum rétt og nýta þær svo við næstu verslun í Bónus eða Hagkaup. Í appinu finna vildarvinir fjölbreytt fríðindi og spennandi tilboð frá samstarfsaðilum, skemmtilega viðburði og ýmsa leiki sem þeir geta tekið þátt í. Einnig er auðvelt að fylgjast með kaupsögu sinni og halda góðri yfirsýn yfir innkaupin.

Meðlimum í Takk hefur fjölgað jafnt og þétt og eru þeir nú um 60.000 talsins. Tilboðin í appinu eru afar fjölbreytt og geta viðskiptavinir sem eru duglegir að fylgjast með tilboðum gert enn betri kaup en áður.

Allar upplýsingar geta viðskiptavinir fundið inn á síðunni www.takkronur.is

Takk Jóna SF

Þín inneign
15.421 tkr.

Safnað frá upphafi
20.881 tkr.

BÓNUS HAGKAUP ELDUM RÉTT

Takk í dag Skoða allt →

235 tkr. til baka	140 tkr. til baka
H	BÓNUS
Technique pro 45 tannb... GUM 2.349 kr.	lóa vítamín magnesíum ... 1.398 kr.

Heim Takk vörur Tilboð Viðburðir Mitt Takk

Bónus

BÓNUS HAGKAUP ELDUM RÉTT

Tex-Mex í kvöld?

Tex-Mex í kvöld?

BÓNUS

Tex-Mex vörur

122 tkr. til baka	66 tkr. til baka
BÓNUS	BÓNUS
Ali kjúklingastrimlar 30... 1.224 kr.	os ostablanda 250 gr m... 657 kr.

Heim Takk vörur Tilboð Viðburðir Mitt Takk

Skjávæðing

Skjávæðing verslana eykur sjálfbærni í markaðssetningu

Bónus hefur á árinu markvisst aukið notkun á stafrænni miðlun í verslunum með skjávæðingu. Nú eru 13 verslanir Bónus komnar með alls 50 skjái. Með því er Bónus markvisst að færa markaðsefni, tilboð og upplýsingagjöf frá prentuðu formi yfir í stafrænar lausnir.

Skjávæðing verslana styður við sjálfbærnimarkmið félagsins með því að draga úr pappírnotkun, prentun og dreifingu markaðsefnis. Hefðbundnar auglýsingar og skilti krefjast reglulegrar endurnýjunar sem felur í sér bæði efnisframleiðslu og flutninga með tilheyrandi kostnaði. Með stafrænum skjáum í verslunum er hægt að uppfæra efni rafrænt í rauntíma, sem minnkar úrgang og dregur úr kolefnisspori tengdu markaðsstarfi. Tilboð og upplýsingar eru uppfærð miðlægt, sem tryggir samræmi milli verslana og dregur úr líkum á villum eða úreltum upplýsingum. Þetta leiðir til betri upplifunar fyrir viðskiptavini og einfaldari verkferla fyrir starfsfólk.

Við skjávæðingu verslana lagði Bónus áherslu á að velja búnað sem uppfyllir sjálfbærnikröfur félagsins. Horft var til þátta eins og orkunýtingar, endingar, efnismiðlunar og umhverfisvottana. Til að lágmarka orkunotkun eru skjáirnar í Bónus tengdir sjálfvirkri tímastýringu sem samræmist opnunartíma verslana á hverjum stað. Skjáirnar slökkva sjálfkrafa þegar verslun lokar og kveikja aftur við opnun. Þetta tryggir lágmarks orkunotkun utan opnunartíma verslana.



Allar verslanir Bónus verða skjávæddar á árinu 2026 með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á upplifun viðskiptavina og sjálfbærni.

Stuðningur við nýsköpun

Uppsprettan er nýsköpunarsjóður á vegum Haga en öll dótturfélögin taka þátt í starfi sjóðsins. Tilgangurinn er að virkja og styðja frumkvöðla til nýsköpunar og þróunar í íslenskri matvælaframleiðslu en sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á stuðning við frumkvöðlaverkefni sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Einkum er horft til þess að hugað sé að umhverfisáhrifum við framleiðslu og dreifingu, sem og betri nýtingu á hráefnum eða minnkun á matarsóun.



Þetta er í fimmta sinn sem veittir eru styrkir úr Uppsprettunni, en alls hafa 50 verkefni hlotið styrk úr sjóðnum frá stofnun hans árið 2021. Auk fjárhagslegs stuðnings fá styrkhafar ráðgjöf og aðstoð við að koma afurðum sínum í matvöruverslanir. Í ár barst metfjöldi umsókna um styrk í sjóðinn og matsnefnd valdi níu verkefni til styrkveitingar.

Starfsfólk Bónus deilir reynslu til frumkvöðla

Uppsprettan veitir frumkvöðlum ekki bara fjárhagslegan styrk til nýsköpunarverkefna heldur býr Bónus yfir mikilli reynslu og þekkingu í verslun, innflutningi, framleiðslu á matvælum og umbúðahönnun svo eitthvað sé nefnt. Starfsfólk Bónus getur því aðstoðað styrkhafa í raun með allt ferlið þar til að varan er tilbúin til sölu í verslunum Bónus.

Slagorð Uppsprettunnar er "Virkjum kraftinn og gerum það saman". Það er okkar hugsjón að kraftur frumkvöðla með stuðningi og þekkingu starfsfólks Bónus leiði af sér nýjar hugmyndir sem að stuðli að grósku í sjálfbærari framleiðslu í matvælaíðnaði landsmönnum öllum til góða.

Styrkhafar Uppsprettunnar

Stökkfiskur

Framleiðsla og markaðssetning á snakkvörum í nýjum og nútímalegum búningi.

Gabríela majó

Framleiðsla og markaðssetning á hágæða majónesi sem notast við avókadólíu í stað hefðbundinnar repjuolíu.

Helga Magga

Framleiðsla og markaðssetning á hollari deigvörum með auknu próteininnihaldi.

R8iant

Framleiðsla og markaðssetning á steinefna- og saltdrykkjum í nýjum búningi.

Neskja

Framleiðsla og markaðssetning á íslensku handgerðu hágæðakonfektí.

Icelandic Gourmet Foods

Framleiðsla og markaðssetning á íslenskum sjávarréttum.

NorthTropic

Framleiðsla og markaðssetning á hágæða mat- og heilsuvörum úr sveppum.

Oatme

Framleiðsla og markaðssetning á hollum og prótínbættum hafragraut.

Norr Energy Gum

Framleiðsla og markaðssetning á sykurlausu tyggjóí.

Stuðningur við íþróttir

Samfélagsleg áhrif og aðgengi að íþróttum

Bónus leggur ríka áherslu á að styðja við íþróttá- og æskulýðsstarf sem hluta af samfélagslegri ábyrgð fyrirtækisins. Á árinu 2025 var fyrirtækið í samstarfi við tugi íþróttafélaga víðs vegar um landið, þar sem stuðningurinn nær til fjölbreyttra deilda innan félaganna, meðal annars í handbolta, fótbolta og körfubolta.

Með því að styðja við breiðan hóp félaga stuðlar Bónus að auknu aðgengi barna og ungmenna að skipulögðu íþróttastarfi, óháð búsetu. Slíkur stuðningur hefur jákvæð áhrif á lýðheilsu, félagslega þátttöku og uppbyggingu heilbrigðs og öruggs uppeldisumhverfis.

Bónus styrkti yfir 30 íþróttafélög árið 2025.

Heilsa og hreyfing í gegnum samstarf við KKÍ

Samstarf Bónus og Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) hélt áfram á árinu, í samræmi við þriggja ára samning sem gerður var árið 2024. Úrvalsdeildir karla og kvenna bera áfram nafnið Bónus deildin.

Samstarfið styður bæði við afreks- og almennt körfuboltastarf og er jafnframt nýtt sem vettvangur til að hvetja almenning til heilbrigðari lífsstíls. Sérstök áhersla er lögð á að auka vitund um mikilvægi hollrar næringar, þar á meðal neyslu ávaxta og grænmetis, og þannig leggja sitt af mörkum til bættrar lýðheilsu.



BÓNUS
DEILDIN

Ýmis samfélagsleg verkefni

Samfélagsleg ábyrgð og samstarf

Bónus leggur áherslu á að styðja við fjölbreytt samfélagsverkefni sem hafa jákvæð áhrif á lífsgæði og velferð fólks. Stuðningurinn nær til ólíkra hópa samfélagsins og byggir á langtímasamstarfi við trausta aðila um allt land.

Bónus og blindrafélagið

Frá upphafi hefur Bónus verið stoltur samstarfsaðili Blindravinnustofunnar. Starfsemi hennar gegnir mikilvægu hlutverki í að skapa blindu og sjónskertu fólki atvinnu og sjálfstæði, meðal annars með þökkun á vörum til endursölu.

Betra aðgengi fyrir aldraða

Bónus býður upp á ókeypis ferðir fyrir aldraða á höfuðborgarsvæðinu í verðslanir fyrirtækisins. Markmið verkefnisins er að auðvelda eldri borgurum aðgengi að nauðsynjavörum og draga úr félagslegri einangrun með því að styðja við sjálfstæði í daglegu lífi.

Bónus og veraldarvinir

Bónus er samstarfsaðili Veraldarvina, sjálfbóðasamtaka sem vinna að umhverfis- og náttúruvernd. Með samstarfinu styður Bónus við verkefni sem miða að verndun náttúrunnar, aukinni vitund um umhverfismál og eflingu sjálfbóðastarfs.

Framlagið hefur meðal annars áhrif í gegnum verkefni sem snúa að landgræðslu, uppbyggingu gönguleiða og hreinsun strandlengjunnar.

Bleika slaufan

Árið 2025 tók Bónus þátt í Bleiku slaufunni með sölu á Bleiku kökunni og möguleika fyrir viðskiptavinum að styrkja átakið í sjálfsafgreiðslukössum um land allt.

Viðtökurnar voru afar góðar og sýndu viðskiptavinir mikinn samhug í verki. Bónus lagði jafnframt sitt af mörkum til átaksins. Með þessu verkefni styður fyrirtækið við rannsóknir, fræðslu og aðstoð við einstaklinga sem greinast með krabbamein og undirstrikar mikilvægi samstöðu í samfélaginu.

Styrkir til hjálpar- og góðgerðarsamtaka

Bónus veitir árlega styrki til fjölda hjálpar- og góðgerðarsamtaka um allt land. Stuðningurinn er hluti af langtímaskuldbindingu fyrirtækisins til að styðja við þá sem þurfa á aðstoð að halda, sérstaklega á tímum aukins álags.

Fyrirkomulag styrkja felur meðal annars í sér samstarf við samtök sem kaupa inneignarkort fyrir skjólstæðinga sína, þar sem Bónus leggur fram mótframlag.

Jól í skókassa


Bónus styður hið árlega verkefni Jól í skókassa, sem miðar að því að gleðja börn sem búa við erfiðar aðstæður. Verkefnið felst í að safna gjöfum sem sendar eru til barna í neyð, meðal annars í Úkraínu.

Framlag Bónus felst bæði í vinnuframlagi og vörugjöfum í skókassana. Með þátttöku í verkefninu leggur Bónus sitt af mörkum til að bæta lífsgæði barna og styðja við alþjóðlega samkennd.

Framlag okkar til samfélagsverkefna á árinu var: 58.562.381 kr.

BÓNUS

Heimsmarkmiðin



Tenging við heimsmarkmiðin

Við störfum í umhverfi þar sem sjálfbærniþættir hafa víðtæk áhrif á rekstur, áhættu og tækifæri. Við höfum greint helstu málefni á sviði umhverfis, félagslegra þátta og stjórnarháttanna og metið vægi þeirra út frá áhrifum á starfsemi okkar og hagsmunaaðila. Hér að neðan eru þau atriði sem við leggjum sérstaka áherslu á.

2



Ekkert hungur

Bónus gegnir lykilhlutverki í að tryggja aðgengi að hagkvæmum matvælum fyrir íslensk heimili og styður þannig við heimsmarkmið 2 um að útrýma hungri og efla fæðuöryggi. Fyrirtækið heldur sama verði í verslunum sínum um allt land og stuðlar þannig að jöfnu aðgengi að nauðsynjavörum, óháð búsetu.

Á árinu 2025 var áfram unnið markvisst að því að draga úr matarsóun og bæta nýtingu vara, meðal annars með afsláttarkerfum á vörur nálægt síðasta neysludegi, bættri birgðastýringu og nánu samstarfi við birgja. Jafnframt studdi fyrirtækið einstaklinga og fjölskyldur í viðkvæmri stöðu með inneignarkortum til matarkaupa í samstarfi við góðgerðarfélag. Þá hefur Bónus í yfir 30 ár boðið upp á ókeypis ferðir fyrir aldraða á höfuðborgarsvæðinu í verslanir sínar, með það að markmiði að auðvelda þeim aðgengi að matvöru og daglegum nauðsynjum.

Árið 2026 verður áfram lögð áhersla á að lágmarka sóun í virðiskeðjunni, efla gagnsæi og bæta stýringu á vöruflæði. Markmiðið er að viðhalda lágu vöruverði, auka aðgengi að matvælum og stuðla að enn betri nýtingu þeirra.

3



Heilsa og vellíðan

Bónus styður við heimsmarkmið 3 með því að leggja áherslu á heilsu og vellíðan bæði starfsfólks og viðskiptavina. Fyrirtækið vinnur markvisst að því að skapa öruggt og styðjandi vinnuumhverfi og stuðla að heilbrigðum lífsstíl með auknu aðgengi að hollum vörum. Bónus er jafnframt eina matvörukeðjan á Íslandi sem aldrei hefur selt tóbak. Í verslunum er lögð áhersla á fjölskylduvænt umhverfi, meðal annars með því að bjóða börnum fría ávexti og annað skemmtilegt í verkefninu „Glaðir gríslingar“.

Á árinu 2025 var lögð sérstök áhersla á heilsueflingu starfsfólks með auknum líkamsræktarstyrk og bættu aðgengi að ávöxtum og grænmeti á vinnustað. Jafnframt var áfram unnið markvisst að því að tryggja öryggi og vellíðan í daglegu starfi.

Árið 2026 verður áfram lögð áhersla á að efla vellíðan starfsfólks og auka framboð á hollum valkostum fyrir viðskiptavinum, með það að markmiði að styðja við heilbrigðari lífsstíl.

5

JAFNRÉTTI
KYNJANNA

Jafnrétti kynjanna

Jafnrétti og jöfn tækifæri eru grunnstoðir í starfsemi Bónus og styðja beint við heimsmarkmið 5. Fyrirtækið leggur áherslu á að skapa vinnuumhverfi þar sem allir hafa jöfn tækifæri til þátttöku, þróunar og framgangs.

Á árinu 2025 var áfram unnið samkvæmt jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun félagsins, þar sem tryggt er að sambærileg störf séu metin til jafns. Fjölbreytileiki innan starfsmannahópsins er mikilvægur styrkleiki, þar sem starfsfólk Bónus kemur frá ólíkum löndum og bakgrunnum.

Árið 2026 verður áfram unnið að því að efla jafnrétti og inngildingu, viðhalda lágum launamun og tryggja jafnt aðgengi að störfum, fræðslu og starfsþróun.

8

GÓÐ ATVINNA
OG HAGVÖXTUR

Góð atvinna og hagvöxtur

Bónus er stór vinnustaður og gegnir mikilvægu hlutverki á íslenskum vinnumarkaði, sérstaklega sem fyrsti vinnustaður ungs fólks. Með því styður fyrirtækið við heimsmarkmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt.

Á árinu 2025 var lögð áhersla á að efla vinnuumhverfi og styrkja leiðtoga, auk þess sem unnið var markvisst að því að bæta upplýsingaflæði til starfsfólks með nýjum samskiptalausnum. Þá var áfram lögð áhersla á að skapa tækifæri til starfsþróunar og tryggja gott og styðjandi starfsumhverfi.

Árið 2026 verður áfram unnið að því að efla leiðtogahæfni enn frekar, auka starfsánægju og tryggja að starfsfólk hafi skýra sýn á hlutverk sitt og tækifæri til þróunar í starfi. Jafnframt verður unnið að umbótum á aðstöðu starfsfólks, meðal annars með uppfærslu á kaffistofum, með það að markmiði að bæta líðan og ánægju í vinnu.



Ábyrg neysla og framleiðsla

Bónus styður við heimsmarkmið 12 með markvissum aðgerðum til að draga úr sóun og stuðla að ábyrgari neyslu og framleiðslu. Fyrirtækið leggur ríka áherslu á bættu nýtingu auðlinda og að minnka umhverfisáhrif starfseminnar í allri virðiskeðjunni.

Á árinu 2025 var áfram unnið að því að draga úr matarsóun með skilvirkari birgðastýringu og afsláttarkerfum á vörur sem nálgast síðasta sölundag. Verkefnið „Saman gegn matarsóun“ hefur verið starfrækt frá upphafi rekstrar og hefur skilað góðum árangri, þar sem rýrnun er lítil miðað við eðli starfseminnar. Sem dæmi eru ávextir á síðasta snúningi boðnir á verulegum afslætti og kjúklingur fer sjálfkrafa á afslátt þegar hann nálgast síðasta sölundag.

Árið 2026 verður áfram lögð áhersla á að auka flokkunarhlutfall, draga úr úrgangi og þróa lausnir sem stuðla að betri nýtingu auðlinda í allri virðiskeðjunni.



Aðgerðir í loftslagsmálum

Bónus leggur áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og styðja við aðgerðir í loftslagsmálum í samræmi við heimsmarkmið 13. Fyrirtækið hefur unnið markvisst að því að bæta mælingar og draga úr umhverfisáhrifum rekstrarins, með áherslu á orkuskipti og ábyrgari nýtingu auðlinda.


Á árinu 2025 var áfram unnið að orkuskiptum, meðal annars með kolsýruvæðingu kælikerfa, LED-væðingu verslana og aukinni rafbílavæðingu. Jafnframt var unnið að bættum mælingum á losun í virðiskeðju og fjárfest í verkefnum sem styðja við kolefnisbindingu. Þá hefur Bónus lagt áherslu á aðgerðir í úrgangsmálum sem styðja við minni losun og bætt nýtingu auðlinda.

Bónus leggur jafnframt sitt af mörkum til loftslagsmála með því að styðja við fjölbreytt verkefni sem miða að bindingu kolefnis úr andrúmslofti, bæði innanlands og erlendis.

Árið 2026 verður áfram lögð áhersla á samdrátt í losun, aukna rafvæðingu og betri yfirsýn yfir losun í virðiskeðju, með það að markmiði að styðja við sjálfbærari rekstur til framtíðar.

BÓNUS

Lykilpættir úr sjálfbærniuppjöri



Losunarbókhald 2025

Gróðurhúsalofttegundir	Eining	2022	2023	2024	2025
Umfang 1	tCO ₂ í	1.794	1.554	2.895	1.891,5
Umfang 2 (landsnetið)	tCO ₂ í	220	229	198	188,6
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)	tCO ₂ í	220	5.512	6.584	6.351
Umfang 1 og 2	tCO ₂ í	2.014	1.783	3.093	2.080
Umfang 3	tCO ₂ í	241.327	260.955	216.996	214.381
Losun gróðurhúsalofttegunda (umfang 1,2 (landsnetið) og 3)	tCO ₂ í	243.341	262.738	220.089	216.461
Losun gróðurhúsalofttegunda (umfang 1,2 (með markaðsaðgerðum) og 3)	tCO ₂ í	243.341	268.021	226.475	222.623

Umfang 1 - samsetning losunar	Eining	2022	2023	2024	2025
Heildarlosun	tCO ₂ í	1.794	1.554	2.895	1.892
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO ₂ í	72	71	84	94
Lekalosun	tCO ₂ í	1.722	1.483	2.811	1.798

Umfang 2 - samsetning losunar	Eining	2022	2023	2024	2025
Heildarlosun	tCO ₂ í	220	229	198	189
Rafmagn	tCO ₂ í	110	109	95	85
Hitaveita	tCO ₂ í	109	120	103	104

Losunarbókhald 2025

Umfang 3 - Losun á fyrri stigum	Eining	2022	2023	2024	2025
Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta					
Heildarlosun	tCO ₂ í	240.923	260.579	216.878	214.317
Aðkeypt vara og þjónusta til endursölu eða áframhaldandi vinnslu	tCO ₂ í	240.923	260.579	216.878	214.317
Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi					
Heildarlosun	tCO ₂ í	65	71	67	26
Losun á fyrri stigum vegna eldneytisnotkunar	tCO ₂ í	18	17	21	24
Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar	tCO ₂ í	0	0	0	1
Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu	tCO ₂ í	47	53	46	2
Flokkur 4: aðkeyptur flutningur og dreifing					
Heildarlosun	tCO ₂ í	1,2	0,5	0,5	3
Flugfrakt	tCO ₂ í	1,2	0,5	0,4	3
Vegflutningar	tCO ₂ í	0	0	0,1	0
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri					
Heildarlosun	tCO ₂ í	335	305	50	34
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO ₂ í	335	305	50	34
Flokkur 6: Viðskiptaferðir					
Heildarlosun	tCO ₂ í	2	0	1	1
Flugferðir	tCO ₂ í	2	0	1	1

S1: Eigin mannauður Eining 2024 2025

Heildarfjöldi starfsfólks

Karlar	Fjöldi	681	661
Konur	Fjöldi	429	473
Samtals	Fjöldi	1.110	1.134

Fjöldi starfsfólks með ótímabundna ráðningu

Karlar	Fjöldi	681	661
Konur	Fjöldi	429	473
Samtals	Fjöldi	1.110	1.134
Fjöldi starfsfólks með tímabundna ráðningu	Fjöldi	0	0

Starfsmannavelta

Fjöldi starfsmanna sem hætti á árinu	Fjöldi	329	331
Starfsmannavelta	%	29,6%	29,2%

Kjarasamningar og trúnaðarmenn

Hlutfall starfsfólks sem heyrir undir kjarasamninga	%	100%	100%
Hlutfall starfsfólks sem hefur trúnaðarmann	%	100%	100%

Fjölbreytnimælikvarðar Eining 2024 2025

Kynjafjölbreytni í æðstu stjórnunarstöðum

Karlar	Fjöldi	5	4
Konur	Fjöldi	1	1
Karlar	%	83,3%	66,7%
Konur	%	16,7%	16,7%

Aldursdreifing

<30 ára	%	84,5%	83,7%
30-50 ára	%	12%	13,3%
>50 ára	%	3,5%	3%

Heilsa og öryggi

Hlutfall starfsfólks sem starfar fyrir tilstilli verkefnisins vinna með stuðning	%	4,3%	4,1%
Fjöldi dauðsfalla sem afleiðing vinnuslysa eða vinnutengdra veikinda	Fjöldi	0	0
Fjöldi dauðsfalla verktaka eða starfsmanna annarra fyrirtækja á starfsstöðvum félagsins	Fjöldi	0	0
Fjöldi skráningarskyldra vinnuslysa	Fjöldi	2	0
Tíðni skráningarskyldra vinnuslysa	x/1.000.000	2	0

Jafnvægi milli vinnu og einkalífs

Fjöldi starfsmanna sem hefur lögbundinn rétt til fæðingarorlofs	%	100%	100%
Fjöldi starfsmanna sem tók lögbundið fæðingarorlof	%	2,7%	1,8%

Launamunur kynjanna

Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	0,1%	0,5%
------------------------------	---	------	------

Munurinn er Bónus

